

Brjef landshöfingja til stiptsyfirvaldanna um leyfi til að hafa pilt á 13. ári 108
 á Möðruvallaskólanum. — Hin heiðruðu stiptsyfirvöld hafa með þóknanlegu brjefi frá 15. okt. 9. p. m. sent mér erindi forstöðumanns gagnfræðaskólans á Möðruvöllum, Jóns A. Hjaltalín, þar sem hann leitar leyfis stiptsyfirvaldanna til þess að mega hafa bróðurson sinn Jón Sigurðsson Hjaltalín á nefndum skóla í vetur, þótt hann sje eigi eldri en á 13. ári, og hafið þjer skotið því til mín, hvort veita skuli leyfi þetta, með því að stiptsyfirvöldunum sje eigi með reglugjörð skólans frá 28. júlí f. á. veitt nein heimild til að veita undanþágu frá skilyrði því fyrir inntöku í skólann, að hlutaðeigandi eigi að vera fermdur.

Í tilefni af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og til þess þjer birtið það skólastjóra Jóni A. Hjaltalín, að jeg veiti hjer með hina umbeðnu undanþágu frá ákvörðun reglugjörðarinnar um inntöku í Möðruvallaskólann, þannig að piltur sá, er hjer ræðir um, verði tekinn sem aukalæriveinn á skólann, og með því skilyrði, að vera hans á skólanum sje ekki kennslunni til neinnar fyrirstöðu, og eigi því til tálmunar, að aðrir, sem hafa náð hinum ákveðna aldri, fái inngöngu í skólann.

Brjef landshöfingja til amtmannsins yfir suðuramtinu um byggingu þjóð- 109
 jarðarinnar Rauðabergs. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 25. júlí p. á., hafið þjer, herra 20. okt. amtmaður, sent mér og lagt undir úrskurð minn erindi umboðsmanns Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturs, viðvíkjandi beiðni ábúandans á klausturjörðinni Rauðabergi í Fljótshverfi, Ragnhildar Gísladóttur, sem misti mann sinn Gísla Magnússon í júlímánuði í fyrra, um að mega halda ábúðinni á jörðinni Rauðabergi með sömu kjörum og maður hennar hafði hana, þó hún giptist aptur, og þó að jörðin nú sje aðeins leigð með 100 álna landskuld, að hálfu goldinni eptir meðalverði, á ullu, smjöri og tólg, og að hálfu með 16 aurum alinin, eða sem samsvarar rúmaum 73 meðalálnum, en landskuldin eptir uppástungu sýslunefndar ætti að vera 90 meðalálnir, og eptir uppástungu amtsráðs 100 meðalálnir. Hafið bæði þjer og umboðsmaður mælt með þessari beiðni ekkjunnar og fært það til, henni til stuðnings, að maður ekkjunnar hafi gjört meiri þrekvirkni á ábúðarjörðu sinni, til að verja hana áföllum, en nokkur annar þjóðjarðarábúandi í því umboði, og að fyrirvinna ekkjunnar, Gísli Arnbjarnarson, sá er hún ætlar að giptast, sje mesti dugnaðarmaður og hafi unnið mikið að mannvirkjum þeim, er hafa gjörð verið á jörðinni, og sjeu þau þess vegna, ekkjan og Gísli, þess makleg, að þau fengju að sitja á jörðinni við sama leigumála og að undanfögnu, að í vor hafi hið eina engi jarðarinnar tekið af í jökulhlaupti, og að tún jarðarinnar sje undir miklum áföllum af skriðum, og væri ef til vill af, ef ekki hefði notið við einstaks dugnaðar hins nýðána ábúanda og manns þess, er nú sækir um að fá ábúð á jörðinni.

Út af þessu læt jeg ekki hjá líða hjer með þjónustusamlega að gefa yður til vitundar, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg eptir atvikum veiti samþykki mitt til þess, að umboðsmaður Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturs gefi ofannefndum Gísla Arnbjarnarsyni byggingarbrjef fyrir jörðunni Rauðabergi, ef hann heldur áfram ábúð á jörðunni með ekkju þeirri, er nú hefur byggingu fyrir henni, á þann hátt að landskuldin verði ákveðin 75 álnir, er greiddar sjeu eptir meðalverði allra meðalverða.